



KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

KKÍ · Icelandic Basketball Association

KKÍ
Laugardalur Sport Center
Engjavegur 6, 2nd floor
104 Reykjavík, Iceland
+354 514-4100
kki@kki.is

26. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2023-2025

Mánudagur 3. mars 2025 kl. 17:00

Mætt til fundar: Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir (GNE) formaður sem stýrir fundi, Birna Lárusdóttir varaformaður (BL), Lárus Blöndal annar varaformaður (LB), Heiðrún Kristmundsdóttir (HK), Herbert Arnarson (HA), Einar Hannesson (EH), og Ágúst Angantýsson (ÁA).

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn.

Forföll boðaði: Guðrún Kristmundsdóttir gjaldkeri (GK) og Jón Bender (JB).

HSJ ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð komin á heimasíðuna.

2. Yfirferð framkvæmdastjóra á málum frá síðasta stjórnarfundum

Farið var yfir nokkur mál frá síðasta fundi eins og stöðuna á samningaviðræðum við nokkra samstarfsaðila, vinnu sem er í gangi varðandi skattamál Íþróttahreyfingarinnar og vinnu innan ÍSÍ varðandi afreksmálin en skipaðir hafa verið fjórir hópar sem munu vinna að þeim málefnum næstu vikurnar og skila tillögum til Íþróttapings í vor. HSJ í tveimur vinnuhópum og Arnar Guðjónsson í tveimur.

3. EuroBasket 2025

Karlandslíðið keppti tvo leiki í undankeppni EuroBasket í lok febrúar, annar leikurinn tapaðist en hinn vannst og þar með tryggði líðið sig inn á EuroBasket2025 sem fram fer næsta haust. Mótið fer fram í Póllandi, Lettlandi, Finnlandi og Kýpur og úrslitin í Lettlandi. Um nýliðna helgi var það klárað að Ísland mun vinna með Póllandi og vera með þeim í riðli. Ísland mun því spila alla sína leiki í Katowice. Farið var yfir vinnuna síðustu daga vegna þessa og hvernig KKÍ getur hagnast á þessu körfuboltalega og fjárhagslega séð. Dregið verður í riðla fimmtudaginn 27. mars í Riga í Lettlandi.

4. Körfuknattleiksþing 15. mars

Farið yfir dagskrá, heiðranir og annað tengt þinginu.

5. Önnur mál / til upplýsinga

Þar sem þetta er síðasti skipulagði stjórnarfundur þessarar stjórnar þá þakkaði GNE stjórn og starfsfólki fyrir samstarfið, nú sé hún að ljúka rúmlega 20 stjórnarsetu og stærstan hlutann sem varaformaður og svo formaður. Sérstaklega þakkaði hún BL og LB sem ganga úr stjórn fyrir þeirra störf. BL og LB þökkðu einnig fyrir samstarfið. Fyrir hönd stjórnar þá þakkaði BL GNE fyrir hennar miklu og óeigingjörnu vinnu undanfarnar ár og að hún væri skilja eftir sig frábært og ómetanlegt starf fyrir körfuknattleikshreyfinguna.

Fundi slitið kl. 19:00